

Málsnúmer : 202105090

Málsaðili : Múlaping

Niðurstaða : Samþykkt

(stutt)

Niðurstaða : Óskað er eftir umsögn heimastjórnar við vinnslutillögu Eflu Verkfræðistofu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Breytingarnar tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði. Við Seyðisfjörð er um að ræða staðsetningu gangamunna, nýja veglínu og undirgöng, efnistökusvæði, breytta landnotkun vegna færslu á golfvelli auk skilgreininga á nýjum göngu-, hjóla- og reiðleiðum. Heimastjórn Seyðisfjarðar telur mikilvægt að gætt verði að því að eiga gott samtal við stjórn Golfklúbbs Seyðisfjarðar nú sem fyrr, bæði varðandi undirbúning, framkvæmd færslu og uppbyggingu golfvallarins á nýju svæði. Mikilvægt er að klára samninginn við Golfklúbb Seyðisfjarðar svo uppbygging golfvallarins geti sem geti hafist sem fyrst. Heimastjórn telur að skýra þurfi frekar tillögur um Göngu- hjóla- og reiðleiðir. Mikilvægt er að vera í samskiptum við þá aðila sem sinna göngustígagerð í firðinum. Unnið er að gerð göngustígs að Gufufossi í samstarfi við Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða og mikilvægt að samtal verði á milli aðila svo hægt verði að tengja saman göngustíga og tryggja sem bestu útkomuna fyrir alla. Seyðisfjörður er mikill ferðamannabær, aðsókn í náttúru og þjónustu er mikil og umferð að sama skapi um núverandi þjóðveg 93 að aukast jafnt og þétt. Það er nokkuð ljóst að mikið rask verður á svæðinu við Gufufoss og því mikilvægt að upplýsingaflæði og samskipti við lykilmál í atvinnulífinu verði traust bæði á undirbúnings- og framkvæmdatíma. Núverandi stofnvegur, fyrirhugaður gangamunni, ný veglína og fyrirhugað efnistökusvæði falla innan grannsvæðis vatnsverndarsvæðis Seyðisfjarðar, því er mikilvægt að framkvæmdaraðilar fari í öllu eftir ströngustu varúðarráðstöfunum og virkt eftirlit verði með því að unnið sé ætíð eftir þeim. Nýrri veglínu er ætlað að jafna hæðarlegu vegarins til Seyðisfjarðar og auka umferðaröryggi. Samþykkt samhljóma með handauppréttingu.

Inngangur : Óskað er eftir umsögn heimastjórnar við vinnslutillögu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Breytingarnar tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði. Við Seyðisfjörð er um að ræða staðsetningu gangamunna, nýja veglínu og undirgöng, efnistökusvæði, breytta landnotkun vegna færslu á golfvelli auk skilgreininga á nýjum göngu-, hjóla- og reiðleiðum.

Fundardags : 4.8.2022

Skráð dags : 4.8.2022 18:05:07

Höfundur : Aðalheiður Borgþórsdóttir